


# Arnarvöllur

~ Reglur ~



[modelflug.net](http://modelflug.net)

## 1. Almenn

**1.1** 2.4 GHz er sú tíðni sem almennt er notuð af félagsmönnum og ekki er þörf á tíðnistjórnun við notkun þeirra. Þannig að ef félagsmaður mætir á Arnarvöll með fjarstýringu sem er á 35 MHz þá ber honum skylda til að kanna hvort aðrir séu einnig á því tíðnisviði og á sömu rás. Ef svo er þá er það sjálfsögð kurteisni að skiptast á að fljúga. Þeir sem nota fjarstýringar með breytanlegri tíðni (synthesized) skulu ávallt gæta þess hvaða tíðni er valin áður en þeir kveikja á fjarstýringunni og hún stangist ekki á við tíðnir annarra.

**1.2** Ekki skal keyra upp módel á flugbrautunum, heldur skal gera það á þar til gerðu uppkeyrslusvæði ellegar á grasi til hliðar við flugbrautina.

**1.3** Þylur sem eru að æfa vok (*e. hoover*) skulu nota þann brautarenda sem er bakvið virka flugbraut hverju sinni. Aðrar þylur skulu fljúga umferðarhring þegar þær eru í loftinu með flugvélum. Ekki er ætlast til að þylur noti malbik til lendingar og flugtaks heldur sérmerkt svæði eða gras við brautarenda ef engin svæði eru merkt.

**1.4** Þegar farið er út á flugbraut skal gæta þess að módel á braut og í loftinu eiga alltaf réttinn.

**1.5** Þegar ákveðin flugbraut er í notkun má ekki fara á aðrar flugbrautir og fljúga þvert á þann umferðarhring sem er virkur. Leitast skal við að nota þá braut sem snýr því sem næst upp í vindinn hverju sinni en þó er heimilt að nota aðrar brautir ef allir viðstaddir samþykja það hverju sinni.

**1.6** Flugmenn skulu gefa flugtök og landingar til kynna með því að kalla hátt og skýrt til annarra flugmanna og segja frá fyrirætlan sinni, sama á við um lágflug yfir braut.

**1.7** Það er stranglega bannað að fljúga yfir samsetningarsvæði, bílastæði og önnur svæði sem eru merkt inn á teikningu af flugvallarsvæðinu, sjá lið 5. Við sérstakar aðstæður getur flug verið bannað á öðrum hlutum flugvallarins en það verður þá tilkynnt við tíðnitöfluna hverju sinni.

## 2. Kennsla

**2.1** Nemendur bera ábyrgð á vélum sínum eins og aðrir félagsmenn, einnig þegar þeir eru undir handleiðslu kennara. Kennarar geta ekki borið ábyrgð á skemmdum sem verða á flugvélum nemenda þó þeir að sjálfsögðu reyni að forða þeim þægt er.

**2.2** Nemendur skulu leitast við að fylgja þjálfunaráætlun félagsins í samráði við kennara sinn. Nemandi skal ekki fljúga einn fyrr en kennari telur hann tilbúinn til þess.

## 3. Umgengni

**3.1** Þegar búíð er að opna vallahliðið skal læsa því opnu.

**3.2** Þegar Arnarvöllur er yfirgefinn skal félagsmaður aðgæta hvort hann er síðastur út af svæðinu, ef svo er ber honum að loka flugvallarhliðinu og læsa því.

**3.3** Gæta skal þess að húsnæði félagsins séu læst þegar svæðið er yfirgefið.

**3.4** Félagsmenn eru minntir á að þeir bera ábyrgð á umhverfi vallarins og ber skylda að hjálpast til við að halda því hreinu. Ruslatunnur eru ekki á svæðinu nema á stærri samkomum og ber hver félagsmaður ábyrgð á því að taka til eftir sig hverju sinni.

#### **4. Áhorfendur**

**4.1** Áhorfendur eru á eigin ábyrgð á athafnasvæði Flugmóðelfélagsins.

**4.2** Áhorfendum er stranglega bannað að ganga út á flugbrautir sem eru í notkun.

**4.3** Ef búið er að merkja sérstök áhorfendasvæði skulu áhorfendur halda sig þar.

#### **5. Öryggissvæði**

**5.1** Ekki skal fljúga yfir það svæði sem merkt er með rauðu á myndinni.

**5.2** Fljúga má yfir gulu svæðin en flugmenn skulu sýna varkárni þegar það er gert og vera vakandi fyrir öðrum farartækjum og gangandi vegfarendum í aðflugi.

